

## Stjórnarfundur 18. október 2023.

Mætt: Elsa og Logi, Bjarni var á TEAMS. Auk þeirra Áslaug og Steingerður Hreinsdóttir sem hóf störf sem rekstrarstjóri skólans fyrir helgi.

1. Steingerður kynnt fyrir stjórn.
2. Rætt um aðalfund. Mikilvægt að hafa góðan fundarstjóra. Logi lagði til að fenginn yrði lögfræðingur. Áslaug heyrir í Benedikt sem hefur verið lögfræðingur skólans undanfarin ár og hjálpaði okkur t.d. með lagabreytingar fyrir nokkrum árum. Ingibjörg sagði sig frá sem formaður í ágúst og Elsa býður sig ekki fram til áframhaldandi stjórnarsetu. Erlendur, Logi og Bjarni sitja áfram.
3. Bjarni hefur ritað fundargerðir á síðustu aðalfundum, það gerir hann ekki að þessu sinni þar sem hann er starfandi formaður og verður að auki staddur í USA. Hafdís nefnd en hún hefur stundum ritað aðalfundargerð og farist það vel úr hendi.
4. Steingerður mun kynna ársreikning. Hún er komin í samband við Jóhann endurskoðanda.
5. Áslaug og Steingerður hittu Gísla Árna hjá Gott og gilt á föstudag en hann mun á næstunni leggja könnun fyrir fasta starfsmenn skólans eins og til hefur staðið. Hann er að útbúa stytta spurningalista upp úr síðustu könnun en þá voru spurningarnar 100 talsins. Lagt er upp með að þær verði 30-40 að þessu sinni. Lausráðnir kennarar fá aðrar spurningar. Gott væri ef listinn væri farinn út fyrir fundinn en niðurstöður mun auðvitað ekki liggja fyrir fyrr en síðar.
6. Rætt um möguleikann á að halda málþing eða málstofu og hvort það verði í höndum skólans eða félagsins. Áslaug getur hugsað sér að skólinn standi fyrir málstofu um verkefni sitt en ekki um reksturinn, t.d. mætti fá tvo til þrjá útskrifaða meistara í listkennslufræðum til að kynna niðurstöður rannsókna sinna. Í framhaldi yrðu svo umræður um efni þeirra. Áslaug leggur áherslu á að hún hafi ekki skipunarvald yfir stjórn félagsins en að sjálfsögðu má fá liðsinni þeirra ef þeim hugnast það. Eins getur stjórn félagsins staðið fyrir viðburðum sem styðja við starf skólans en skv. lögum félagsins er

[m]arkmið félagsins er að vera kennurum og stjórn Myndlistaskólans í Reykjavík, sjálfseignarstofnunar, faglegur bakhjarl og vettvangur umræðu um starf skólans með vísan til markmiða sjálfseignarstofnunarinnar sem koma fram í 3. grein samþykktar hennar.

Ekki fleira rætt.

Fundargerð ÁTh

# Undirritunarsíða

Bjarni Hinriksson

Logi Bjarnason

Elsa Dórothea Gísladóttir